



Landssamband smábátæigenda  
b.t. Þorláks Halldórssonar, formanns og  
Arnar Pálssonar, framkvæmdastjóra  
Hverfisgötu 105  
101 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 13. maí 2020  
Tilv.: ANR20050422/11.02.02

Efni: Erindi LS varðandi reglugerð um strandveiðar 2019/2020

Vísað er í bréf yðar dags. 29. apríl sl. þar sem gerð er athugasemd við 2. grein reglugerðar nr. 364/2020, sem skilgreinir það magn sem ætlað er til strandveiða sumarið 2020 og sundurliðar aflann eftir tegundum í þorsk, ufsa og gullkarfa.

Því er til að svara að þessi sundurliðun hefur verið í reglugerðum undanfarinna ára um veiðar í atvinnuskyni, sbr. t.d. 2. gr. reglugerðar nr. 674/2018 og viðauka við reglugerð nr. 674/2019, en í þeim reglugerðum og samsvarandi reglugerðum fyrri ára er skilgreind öll ráðstöfun afla sem tekinn er til hliðar áður en úthlutað er til skipa á grundvelli aflahlutdeildar, þ.e. 5,3% samkvæmt 3. og 4. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006. Sú skilgreining afmarkar hve miklu heimilt er að ráðstafa af hverri fisktegund og til einstakra ráðstafana sem löggin kveða á um, þar á meðal til strandveiða. Samkvæmt reglugerð nr. 674/2019, um veiðar í atvinnuskyni 2019/2020, eru tekin frá 10.000 tonn af þorski til strandveiða, 1.000 tonn af ufsa og 100 tonn af gullkarfa. Auk þessa er heimilt að landa ufsa samkvæmt reglum um sk. VS-afla án sérstakra takmarkana.

Reglugerð nr. 364/2020 felur því ekki í sér efnisbreytingar, heldur þótti einfaldlega skýrara að endurtaka í henni það sem þegar hafði verið ákveðið með hinni tilvitnuðu reglugerð um veiðar í atvinnuskyni hvað varðar heimilaðan afla af hverri tegund. Sú ákvörðun fól í sér að heimilaður þorskafli á strandveiðum sumarsins er 10.000 tonn.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

  
Jóhann Guðmundsson

  
Sigurður Þorgeirsson